

**84** að prestsmötukvöð sú, 40 pd. af smjöri til sóknarprestisins að Gilsbakka, er hvílið  
19. nóvbr. á jörðinni Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu, verði afnumin innan  
5 ára gegn 600 kr. endurgjaldi með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir um-  
sjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Gilsbakkaprestakalls, og  
að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til leið-  
beiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið  
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað,  
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að  
eigi megi afhenda þau.

**85** **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujarðarinnar**  
19. nóvbr. **Stapadals.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin-  
um 11. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess  
að selja megi jörðina Stapadal, sem er eign Rafnseyrarprestakalls, undan nefndu  
prestakalli fyrir 2200 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar  
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-  
kallsins, að 4 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru  
leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem  
bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til  
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið  
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað  
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að  
eigi megi afhenda þau.

**86** **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu hjáleigunnar Sætúns.**  
19. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konungin-  
um allra mildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja  
megi þann hluta hjáleigunnar Sætúns, sem er sjávarmegin við línu dregna sjón-  
hending frá Hlaðsteini við Stadará í svonefnda Ófæru í Stadarhlið, undan Stadar-  
prestakalli í Grunnavík fyrir 300 kr. með þeim skilyrðum, að söluandvirðið  
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-  
kallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til  
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum var-  
ið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda hingað brjef-

in, til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að eigi megi afhenda þau. **86**  
19. nóvbr.

Loks eruð þjer beðinn að sjá um, að í afsalsbrjefinu verði prestssetrinu áskilinn rjettur ókeyppis til vegar að sjó yfir hina seldu landspildu, svo og til uppsáturs þar og húsabyggingar við sjóinn eftir því sem þörf er á. Fjaran skal undanskilin í kaupinu.

### **Brjef stjórnarráðsins til biskups um lán handa Setbergskirkju. 87**

Samkvæmt beiðni prestsins að Setbergi í Snæfellsnesprófastsdæmi, sjera 19. nóv br. Jens V. Hjaltalíns, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 21. f. m., veitir stjórnarráðið samþykki til, að nefndur prestur megi veðbinda tekjur prestakallsins, eða svo mikinn hluta þeirra, sem þörf er á, fyrir alt að 700 kr. úr hinum almenna kirkjusjóði — í viðbót við 400 kr. eftirstöðvar af láni úr sama sjóði —, þannig að eftirstöðvum eldra lánsins sje steyppt saman við nýja lánið í eina heild, alt að 1100 kr., sem síðan ávaxtist með 4<sup>o</sup>/<sub>o</sub> og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 25 árum, en lánið hvíli á prestakallstekjunum að því leyti, sem tekjur kirkjunnar sjálfrar ekki hrökkva til, án þess að presturinn megi færa kirkjunni þetta tillag til skuldar.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

### **Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Út-skálaprestakalli. 88**

19. nóvbr.

Samkvæmt beiðni prestsins að Útskálum, sjera Kristins Danielssonar, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 19. f. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til að nefndur prestur megi taka 800 kr. embættislán upp á prestakallið, með þeim skilyrðum, að lánið sje tekið með sem vægustum vaxtakjörum og að það greiðist að fullu á næstu 4 árum eftir að húsbyggingarláni því, er hvílir á prestakallinu, er að fullu lokið, en því á að ljúka á næstu 8 árum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

## **Auglýsing**

um útvegum á girðingarefni um árið 1908.

**89**

5. nóvbr.

Stjórnarráðið útvegar á næsta ári, samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingarefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.